

STJÓRNARTÍÐINDI A 18 – 1992

19. nóvember 1992

221

Nr. 89

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 19. nóvember 1992.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

27. nóvember 1992

Nr. 90

LÖG

um breytingu á vaxtalögum nr. 25 27. mars 1987.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 10. gr. orðast svo:

Dráttarvextir af peningakröfum í íslenskum gjaldmiðli skulu ákveðnir af Seðlabanka Íslands sem ársvextir með þeim hætti að hlutfallið milli dráttarvaxta, að viðbætti tölunni 100, og ávöxtunar nýrra almennra útlána skv. 2. mgr. þessarar greinar, að viðbætti tölunni 100, sé á bilinu 1,02 til 1,06.

2. gr.

1. mgr. 11. gr. orðast svo:

Dráttarvextir af löglegum peningakröfum í erlendum gjaldmiðli skulu ákveðnir af Seðlabanka Íslands sem ársvextir með þeim hætti að hlutfallið milli dráttarvaxta, að viðbætti tölunni 100, og meðalvaxta viðkomandi gjaldmiðils á innlendum gjaldeyrisreikningum í viðskiptabönkum og sparisjóðum, að viðbætti tölunni 100, sé á bilinu 1,02 til 1,06.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. nóvember 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.